

Nd.

62. Frumvarp til laga

[46. mál]

um breyting á lögum nr. 44 frá 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjárskjúkdóma og útrýmingu þeirra.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Skýlt er ríkissjóði að viðhalda varnarlinum minnst 4 ár eftir að fjárskipti hafa farið fram á aðliggjandi svæðum, og varnarlinum, sem einangra svæði þar sem garnaveiki hefur verið skal viðhaldið svo lengi að fullvíst þyki, að veikin geti ekki leynst í sauðfé eða nautgripum á svæðinu.

Þegar liður að þeim tíma að sauðfjárskjúkdómanefnd telur ekki ríka þörf á að viðhalda varnarlinum vegna sýkingarhættu, skal gefa aðliggjandi héruðum kost á að eignast þær endurgjaldslaust, gegn skuldbindingum um að halda þeim við að hálfu móti ríkissjóði fyrstu tvö árin og síðan að öllu leyti á sinn kostnað um óákveðinn tíma, þó ekki minna en 5 ár. Ef héruðin óska ekki eftir að taka við varnarlinunum með þessum skilyrðum, skal gefa bændum, hreppsfélögum eða upprekstrarfélögum, sem lönd eiga að girðingunum kost á að kaupa þær fyrir sanngjarnt verð, ella skal ráðstafa þeim á annan hátt.

Ákvæðin um ókeypis afhendingu ná ekki til girðingarhólfa og ýmsra smágirðinga innan fjárskiptasvæða eða væntanlegra fjárskiptasvæða. Slíkar girðingar skal selja eða taka upp.

Þess skal jafnan gætt, að varzla og eftirlit með varnarlinum hvíli sem mest á fjáreigendum, er búa þeim megin girðingar, sem fjárstofn er heilbrigðari.

2. gr.

Í stað upphafs 1. málsl. 13. gr. komi:

Bannað er að flytja sauðfé yfir varnarlinur, a. m. k. næstu 4 ár eftir að fjárskiptum lýkur beggja megin við þær, nema vegna fjárskipta. Þó getur sauðfjárskjúkdómanefnd, ef hún telur hættulaust, leyft flutning lambhrúta til kynbóta milli fjárskiptasvæða innan þess tíma, enda sé ekki um að ræða flutning þeðan, sem garnaveiki hefur verið.

3. gr.

1. málsgrein 37. gr. laganna orðist svo:

Framlag ríkisins vegna fjárskipta skal miða við fjártölu, samkvæmt skattafamtali tæpum tveim árum áður en fjárskipti hefjast, þannig að við fjárskipti á árinu 1950 skal miða við framtal á árinu 1949, þ. e. fjártölu í árslok 1948 o. s. frv.

4. gr.

38. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður skal greiða fjáreigendum bætur, sem svarar hálfu lambsverði á bótaskylda kind. Skal framleiðsluráð landbúnaðarins ákveða það, með hliðsjón af niðurlagsverði næsta ár á undan, miðað við meðal vænleika sláturlamba á hverju fjárskiptasvæði, þó ekki yfir kr. 75.00 á bótaskylda kind. Hámark þetta skal taka til bóta á árinu 1949 og framvegis.

Kostnað við flutning líffjár á langleiðum inn á fjárskiptasvæði og yfirumsjón sauðfjársjúkdómanefndar greiðir ríkissjóður.

Kostnað við fjárkaup og innansveitar tilfærslu á fé á fjárkaupasvæðum, svo og flutningskostnað innan fjárskiptasvæða kosti fjáreigendur sjálfir.

Fjáreigendur skulu fá keypt, ef unnt er, líflömb, er nema 50% af bótaskyldri fjártölu haustið, sem fjárskipti fara fram, samanber þó 39. gr.

Séu nægjanleg líflömb fánleg skal fjáreigendum gefinn kostur á að fá allt að 20% til viðbótar. Sé ekki unnt að útvega þessi 50% lambanna svo fljótt, ber að greiða afurðatjónsbætur vegna þeirra, er til vanta, á sama hátt og fyrir er mælt í 39. grein.

Framlag ríkisins skal greiða ári eftir að fjárskipti hefjast, en vera skal það til tryggingar greiðslu á andvirði keyptra líflamba.

5. gr.

39. gr. laganna orðist svo (var 40. gr. í lögnum):

Reynist óumflýjanleg nauðsyn að hafa einhver svæði sauðlaus árlangt, eftir að niðurskurður hefur farið fram, skal ríkissjóður greiða fjáreigendum vegna afurðatjóns hálf lambsverð fyrir hverja bótaskylda kind. Þessar bætur skal greiða tveim árum eftir niðurskurð á svæðinu. Að öðru leyti skal framlagið greitt eins og fyrir er mælt í 38. gr.

6. gr.

Á eftir 39. gr. komi ný grein, er verði 40. gr., svo hljóðandi:

Bætur þær, er ríkissjóði ber að greiða samkvæmt 38. og 39. gr., má greiða að nokkru með vaxtalausum ríkisskuldabréfum þannig:

Bætur samkvæmt 38. gr. er heimilt að greiða að $\frac{1}{5}$ í ríkisskuldabréfum.

Bætur samkvæmt 39. gr. er heimilt að greiða að $\frac{3}{5}$ í ríkisskuldabréfum.

Ákvæði þessi skulu ná til bóta, sem greiða á á yfirstandandi ári og framvegis.

Ríkissjóði ber að greiða skuldabréfin að fullu eftir 5 ár frá útgáfudegi.

7. gr.

39. gr. (óbreytt) verður 41. gr.

41. gr. (óbreytt) verður 42. gr. o. s. frv.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 13. október s. l. skipaði atvinnumálaráðherra, í samráði við fjármálaráðuneytið, þá Guðmund Jónsson bónda, Hvítárakka, Einar Bjarnason stjórnarráðsfulltrúa og Sæmund Friðriksson framkvæmdastjóra, í nefnd til þess að endurskoða lög nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, með hliðsjón af þeirri reynslu, sem fengin er af fjárskiptum. Skyldi nefndin sérstaklega athuga, hvaða breytingar séu nauðsynlegar á gildandi löggjöf til þess, að unnt verði af fjárhagsástæðum að hraða fjárskiptum á sýktum svæðum á landinu. Hefur nefndin samið frumvarp þetta og lét fylgja því svo hljóðandi greinargerð:

„Samkvæmt bréfum dags. 13. okt. s. l., frá hinu háa ráðuneyti, var okkur undirrituðum falið að endurskoða lög nr. 44 frá 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra. Var okkur einkum ætlað að athuga, hvaða breytingar séu nauðsynlegar á lögnum til þess að unnt verði, af fjárhagslegum ástæðum, að hraða fjárskiptum á sýktum svæðum.

Við yfirlestur laganna virðist okkur að ýmis ákvæði hefðu í upphafi gjarna mátt vera á annan veg, varðandi bótageiðslur ríkissjóðs o. fl. En þar sem ákvæði þessi

hafa nú gilt fyrir þau svæði, þar sem fjárskipti hafa farið fram, frá því lögin gengu í gildi, virðist okkur örðugra um vik að gera gagngerðar breytingar í þessu efni.

Skal nú vikið lítilsháttar að þeim breytingum, sem við leggjum til að gerðar verði á lögunum.

1. Í 9. gr. laganna er svo fyrir mælt, að ríkissjóður skuli viðhalda varnargirðingum um óákveðinn tíma, en ekki tekið neitt fram hver taki við viðhaldskostnaði framvegis eða hvernig girðingunum skuli ráðstafað, eftir að þær virðast ekki hafa beina þýðingu, sem varnarlínur.

Við leggjum til að varnargirðingar milli fjárskiptasvæða verði viðhaldið á kostnað ríkissjóðs í 4 ár eftir fjárskipti og lengur þar sem þær afmarka svæði, þar sem gæraveiki er eða hefur verið. Þegar liðin eru 4 ár frá fjárskiptum er líklegt að komið væri í ljós ef mistök hefðu átt sér stað, og ætti því að vera allmikið öryggi í því fólgið, að halda girðingunum í fullu standi þennan tiltekna tíma. Um áframhaldandi viðhald girðinga er lagt til, að fjárskiptasvæðum sé gefinn kostur á að fá varnargirðingar án endurgjalds, gegn viðhaldsskyldu, fyrst að hálfu í 2 ár og síðan að öllu leyti. Eignarréttur þessi getur í sumum tilfellum verið neikvæður, einkum þar sem svo hagar til, að engin not eru af girðingunum vegna fjallskila. En líklegt er þó, að allvíða verði fallizt á að taka við girðingum með þeim skilyrðum, sem um getur, er gæti orðið til viðvarandi ávinnings bæði í varnarlegu tilliti, ef eitthvað óvænt kæmi í ljós, og vegna fjallskila og fjárgeymslu. Ef héruðin hins vegar vilja ekkert á sig leggja og ekki þykir þörf á að hafa varnir á milli svæða, verði að ráðstafa girðingunum með sölu til einstaklinga eða hreppsfélaga eða taka þær upp að öðrum kosti.

2. Í 13. gr. laganna er ákvæði um bann við að flytja fé yfir varnarlínur, nema með leyfi sauðfjársjúkdómanefndar. Við álitum rétt að binda bann þetta í aðalatriðum við sama tíma og viðhald girðinga, þ. e. 4—6 ár, og gæti það ákvæði losað nefndina við látausar beiðnir um búferlaflutning milli fjárskiptahólfa. Komuð gat til álita að setja í lögin ákvæði um að engin greiðsla kæmi fyrir bann við búferlaflutningum. En við sjáum ekki beina ástæðu til að setja slíkt ákvæði inn í lögin, en teljum eðlilegt að sauðfjársjúkdómanefnd reyni að komast hjá bótageiðslum vegna flutningabanns.

Í þessa grein viljum við setja nokkru fyllri ákvæði en nú eru um skipting á flutningkostnaði líflamba milli ríkissjóðs og fjárskiptafélaga.

3. Við álitum rétt að breyta 1. málsgrein 37. gr. á þá leið, að miða bótaskylda fjártölu við framtal tæpum tveim árum áður en fjárskipti fara fram, í stað tæpra þriggja ára, eins og nú er í lögunum. Reynslan hefur sýnt, að margvíslegar breytingar eiga sér stað á þeim tíma, frá því bótaréttur er ákveðinn og þar til fjárskipti fara fram og því meiri, sem tíminn er lengri. Veldur þar um kaup og sala á sauðfé, búferlaflutningar o. fl. Hefur reynst mjög erfitt í ýmsum tilfellum að finna út, hver bótaréttur sumra einstaklinga er. Auk þess virðist okkur eðlilegra að bótaskyldan sé miðuð við fjáreign nær þeim tíma, sem fjárskipti fara fram, en lögin nú gera ráð fyrir.

4. Þá gerum við tillögur um, að 38. gr. verði breytt töluvert. Er þar fyrst að nefna að við teljum réttara að miða bætur fyrir bótaskyldt fé við meðal vænleik lamba þar sem fjárskipti fara fram, en við kaupverð líflamba. Þetta er byggt á því, að það er afurðatapið, sem verið er að bæta, en hins vegar ekki meiningin að greiða þau lömb, sem keypt eru. Það er ekki eðlilegt að þeir, sem átt hafa mjög rýrt fé og léleg frálagslömb fái bætur í samræmi við væn og dýr lömb, sem þeir kynnu að kaupa. Hitt er heldur ekki sanngjarnt, að þeir, sem átt hafa vænt fé og þung sláturlömb fái bætur eftir líflambaverði, ef þeir t. d. hitta á að kaupa léleg lömb.

Að visu má segja, að þessi breyting hafi ekki mikið gildi, eins og nú standa sakir, ef hámark það, er um getur í grein þessari á bótageiðslum yrði lögfest, þ. e. a. s. að ekki verði greitt hærra en kr. 75.00 á bótaskylda kind. Er þessi tillaga byggð á því, að ekki virðist full ástæða til að miða bætur við brúttóafurðir. Þó verðlag hækki á afurðum er ekki þar með víst að nettóarður af hverri kind hækki. Því virðist okkur

að forsvaranlegt geti verið að binda bæturnar við þetta hámark. Við ætlumst til að þetta nái til bóta á yfirstandandi ári og framvegis. Þess má geta, að eftir núgildandi lögum hafa aldrei verið greiddar hærri bætur en kr. 75.00 á bótaskylda kind. Auk þess myndi slíkt hámark auðvelda mjög allar áætlanir um kostnað við framkvæmdir fjárskipta.

5. Við leggjum til að greinaröðun sé breytt þannig, að 40 .gr. verði 39. gr. Ekki er þar um neinar teljandi efnisbreytingar að ræða. Aðeins skilgreint betur, hvað skuli teljast sauðleysisbætur og hvenær þær skuli greiddar.

6. Næst kemur 40. grein, sem yrði ný grein. Er þar gert ráð fyrir, að bætur megi greiða að verulegu leyti í ríkisskuldabréfum, þ. e. a. s. venjulegar fjárskiptabætur með allt að 20% í ríkisskuldabréfum og sauðleysisbætur með allt að 60% í ríkisskuldabréfum, þar sem þær koma til greina.

Við teljum að ekki sé heppilegt eða sanngjarnt að lækka bæturnar beinlínis úr því sem komið er, því slíkt væri mikið ósamræmi frá því sem verið hefur og kæmi niður á þeim, sem lengst hafa búið við veikina. Hins vegar myndu þessi ákvæði dreifa kostnaði ríkissjóðs yfir lengra tímabil og létta á, á meðan þunginn er mestur við framkvæmdir þessar.

Þau tvö atriði að setja hámark, miðað við kr. 75.00 á kind og heimildin um greiðslu í ríkisskuldabréfum, er það, sem við teljum að hægt sé að gera til að draga úr kostnaði ríkissjóðs næstu árin, án þess þó að valda verulegri skerðingu á bótarétti fjáreigenda, frá því, sem verið hefur.

Aðrar leiðir til að draga úr árlegum kostnaði ríkissjóðs teljum við að ekki yrðu árangursríkari, þegar á allt er litið, enda er til þess ætlað, að þessi ákvæði verki aftur fyrir sig til þeirra fjárskiptasvæða, sem eiga að fá greiddar bætur á árunum 1949 og 1950.

Við sjáum svo ekki ástæður til að gera tillögur um aðrar breytingar á lögnum en þær, sem felast í meðfylgjandi frumvarpi og rætt er um í þessari greinargerð.

Reykjavík, 22. nóvember 1949.

Sæm. Friðriksson. Guðmundur Jónsson. Einar Bjarnason.

Til atvinnuáráðuneytisins, Reykjavík.“